

1869.

9. marz.

uppástungum þeim, er bornar hafa verið upp í þessu efni, og að sér í lagi getur ekki verið umtalsmál, eins og þegar er tekið fram í bræfi stjórnarráðsins 23. nóvembermán f. á., að koma því til leiðar, að veitt verði úr ríkissjóðnum nein viðbót í þessu skyni né heldur úr sjóði kirkjunnar, en það kemur í sama stað niður, þar sem hún er eign ríkisins. Hinsvegar verður stjórnarráðið að láta það vera á yðar valdi, hvort yður virðist vera til efni til að fara þess á ný á leit við sveitarstjórnirnar í Reykjavíkur sókn, að þær leggi fram tillag á ári til þess að bæta kjör organleikarans. Þar sem að ofan nefnt bréf yðar, herra stiptamtmaður, ber með sér — en það hefir stjórnarráðinu allt til þessa verið ókunnugt um — að það hefir verið álitin skylda organleikarans að leika á organið og sjá um sönginn í brúðkaupum, við líkfarir og þess konar, borgunarlaust, þá skal stjórnarráðið nota þetta tækifæri til þess að taka skýrt fram, að þóknun sú, sem organleikaranum er veitt úr ríkissjóðnum, að eins á við störf hans við sjálfa guðsþjónustugjörðina í kirkjunni, og að það er vitaskuld, að honum er heimilt að krefjast sérstakrar borgunar fyrir öll önnur störf sín við kirkjulegar athafnir hjá þeim, sem í hlut eiga; skal þar að auki borið undir yður, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, til íhugunar, hvort ekki kynni að vera tilefni til að semja reglugjörð um, hversu mikil þóknun organleikanum ber fyrir hverja slíka athöfn um sig.

9. marz.

18. Kaffi úr bræfi dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipstrand.

— — — — —
— — — — —
Þar sem þér, herra amtmaður, hafið ritað á fylgiskjölin með reikningnum um skipstrandið, hvernig ætti að yðar hyggju að færa hvert einstakt atriði í útgjöldunum niður, en um leið tekið fram, að yður virðist vafasamt, hvort þér ættuð með að leggja

úrskurð á það, með því að tilskipun 28. desembermán. 1836 ekki er leidd í lög á Íslandi, skal þess getið, að samkvæmt almennum reglum um sambandið milli undirgefina og yfirboðinna yfirvalda getur enginn efi leikið á, að amtíð hefir vald til þess, sem hér er um að ræða, og eruð þér því beðnir, að færa reikningana niður, ef þess þykir þurfa — — — — —

1869.
9. marz.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir flutning á sveitarómaga frá Kaupmannahöfn til Íslands.

9. marz.

Í bréfi dagsettu 28. ágústmán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér samkvæmt samningi, er gjörður hefir verið milli bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og hins sameinaða gufuskipafélags um flutning á sveitarómaganum Jóni Þorlákssyni, sem á sveit í Hvolhrepp í Rangárvallasýslu, frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, hafið til bráðabirgða borgað kostnaðinn, er af þessu hefir leidd, alls 49 rd., og hafið þér nú beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að endurgjalda tæða upphæð. Þér hafið látið það álit í ljósi um þetta, að þareð ekkert lagaboð er til, sem gildir á Íslandi um þetta efni, þá muni samkvæmt lögum 14. marzmán. 1867, er gilda í Danmörk um flutning á þurfamönnum og öðrum til átt Haga þeirra, bæjarfélag það, sem hefir sent þurfamanninn af sèr heimleiðis, eiga að greiða flutningskostnaðinn, því að eptir merkingunni í tæðum lögum verði að skoda Ísland meðal útlanda gagnvart Danmörk, eður, ef það verður ekki álitíð, að þá eigi bæjarfélagið, sem sendi ómagann af sèr, að greiða helminginn af kostnaðinum til flutnings hans til átt Haganna, og sveitin, þar sem hann á framfærslurætt, eða þá jafnaðarsjóður suðuramtsins, ef að stjórnarráðið vildi veita samþykki sitt til þess, hinn helminginn.

Dómsmálastjórnin hefir nú leitað álits innanríkisstjórnarinnar um málefni þetta, og hefir hún sent hingað álitsskjal frá bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn um það. Í álitsskjali þessu segir